



SJÁLFBÆRNISSTEFNA ÍSÍ

ÍSÍ mun leitast við, með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykka og innlendra áætlana um sjálfbæra þróun, ásamt stefnu Alþjóða ólympíunefndarinnar (IOC) um sjálfbærnimál.

ÍSÍ mun taka frumkvæði við að innleiða sjálfbærni í kjarnastarfsemi sína og draga úr umhverfisáhrifum, m.a. við orkunýtingu, minnkun úrgangs og umhverfisvænum samgöngum.

ÍSÍ hefur einsett sér að vinna að stöðugum umbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti.

ÍSÍ mun setja sér mælanleg markmið og stuðla með góðum stjórnarháttum að því að árangur náist til eflingar á sjálfbærni sambandsins.

Jafnframt mun sambandið leiðbeina og liðsinna aðilum innan hreyfingarinnar í starfi þeirra á þessu sviði.

Samþykkt á 76. Íþróttáþingi ÍSÍ þann 6. maí 2023 á Ásvöllum í Hafnarfirði.

